

69. Stjórnarfundur Vestfjarðastofu og Fjórðungssambands Vestfirðinga, haldinn í fjarfundi og staðfundi á skrifstofu Vestfjarðastofu á Ísafirði þann 30. apríl 2025 kl. 12.00

Mætt voru: Gylfi Ólafsson, formaður, Dagný Finnbjörnsdóttir, Elísabet Gunnarsdóttir, Gauti Geirsson, Lilja Sigurðardóttir, Magnús Ingi Jónsson, Sædis Ólöf Þórsdóttir, Þorgeir Pálsson og Þórkatla Soffía Ólafsdóttir.

Forföll boðaði Hildur Aradóttir og í hennar stað fundinn Þorgeir Pálsson, auk þess boðaði Sif Huld Albertsdóttir forföll.

Auk þeirra sátu fundinn Sigríður Ólöf Kristjánsdóttir, framkvæmdastjóri, Guðrún Anna Finnbogadóttir, teymisstjóri atvinnuþróunar, Sölvi Guðmundsson teymisstjóri markaðar og menningar og Aðalsteinn Óskarsson, sviðsstjóri byggðaðróunar og ritaði einnig fundargerð.

Boðuð dagskrá fundarins er sem hér segir:

Dagskrá

Fundur stjórnar Vestfjarðastofu

- 1. Fjármálaáætlun 2026-2030**
- 2. Veiðigjöld**
- 3. Ársfundur Vestfjarðastofu – málþing**
- 4. Brothættar byggðir í Kaldrananeshreppi**
- 5. Verkefnastjóri farsældarráðs**
- 6. Skýrsla framkvæmdastjóra**
- 7. Fundargerðir til kynningar**
 - a. [Fundargerð 122. fundar stjórnar SSNV 1. apríl](#)
 - b. [604. Fundur stjórnar SSH 14. apríl 2025](#)
 - c. [621. fundur stjórnar SASS 4. apríl 2025](#)
 - d. [811. fundur Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum](#)
 - e. [187. Fundur stjórnar SSV 12. mars 2025](#)

Fundur stjórnar FV

- 1. Verkefnastjóri farsældarráðs**
- 2. Úrgangsráð**
- 3. Umsagnir:**
 - a. Umsagnarbeiðnir – sjá minnisblað á Teams
 - b. Umsagnir til skoðunar – sjá minnisblað á Teams
 - c. Afgreiddar umsagnir
 - i. Frumvarp um sýslumann

Formaður bauð stjórnarmenn og starfsmenn velkomna til fundar, hann kannaði hvort athugasemdir væru við dagsskrá og boðun fundarins, engar athugasemdir komu fram. Gengið til dagskrár.

1. **Fjármálaáætlun 2026-2030**

Formaður kynnti drög að umsögn til fjárlaganefndar Alþingis um þingsályktun að Fjármálaáætlun 2026-2030, en veittur var frestur til að skila umsögn til 2. maí n.k.. Umsögnin er unnin samkvæmt afgreiðslu 68. stjórnarfundar.

Til máls tóku, Þorgeir, Sædís, Gauti, Þórkatla, Elísabet, Sigríður, Sölvi og Aðalsteinn *Formaður lagði til að sviðsstjóra og framkvæmdastjóra yrði falið að ljúka gerð umsagnar og senda stjórn til staðfestingar. Tillaga samþykkt samhljóða.*

2. **Veiðigjöld**

Formaður kynnti að hann og Gauti formaður sóknarhóps hefðu verið með í undirbúningi ályktun um áhrif veiðigjalda á atvinnulíf og samfélög á Vestfjörðum.

Gauti kynnti að rétt væri að bíða með endanlega útgáfu þar sem boðað er að frumvarp um veiðigjald komi úr ríkisstjórn fyrir lok vikunnar. Ný gögn væru einnig að koma fram að hálfu fyrirtækjanna sem nýtast við gerð ályktunar ef tilefni yrði til að senda ályktun sem yrði send stjórn til lokayfirlestrar og afgreiðslu í tölvupósti.

Til máls tóku; Gauti, Elísabet, Þorgeir og Þórkatla.

3. **Ársfundur Vestfjarðastofu – málþing**

Framkvæmdastjóri kynnti boðun ársfundar fulltrúaráðs Vestfjarðastofu sem haldinn verði þann 14. maí n.k. í Stjórnsýsluhúsinu í Súðavík. Dagskrá er samkvæmt samþykktum Vestfjarðastofu. Að afloknum árfundi væri boðað til málþings með yfirskriftinni Frumkvæði og fjárfestingar á Vestfjörðum.

4. **Brothættar byggðir í Kaldrananeshreppi**

Formaður gaf framkvæmdastjóra orðið. Framkvæmdastjóri kynnti að stjórn Byggðastofnunar samþykkti 27. mars s.l. að taka Kaldrananeshrepp inn verkefnið Brothættar byggðir. Hún lagði fram drög að samningi Vestfjarðastofu og Byggðastofnunar um framkvæmd verkefnisins. Óskaði heimildar til að staðfesta samninginn.

Formaður bar upp tillögu að veita framkvæmdastjóra heimild til að undirrita samning um Brothættar byggðir í Kaldrananeshreppi. Tillaga samþykkt samhljóða.

Mætt til fundar Erna Lea Bergsteinsdóttir, verkefnastjóri farsældarráðs, Vestfjarðastofu.

5. **Verkefnastjóri farsældarráðs (Kynning)**

Formaður bauð Ernu velkomna til fundarins og gaf henni orðið.

Erna kynnti stuttlega efni Farsældarlaga og fyrstu skref í þróun starfs farsældarfulltrúa og innleiðingu í starfsemi sveitarfélaga.

Erna kynnti efni minnisblaðs um skipan farsældarráðs Vestfjarða og tillögur að fyrstu aðgerðum, en efni minnisblaðið er til afgreiðslu í stjórn Fjórðungssambands.

Til máls tóku, Þorgeir, framkvæmastjóri
Erna svaraði fyrirspurnum.
Formaður þakkaði Ernu fyrir hennar kynningu.

6. **Skýrsla framkvæmdastjóra** (til kynningar)

Framkvæmdastjóri kynnti munnlega skýrslu um stöðu og framkvæmd verkefna frá stjórnarfundum þann 9. apríl s.l.

7. **Fundargerðir til kynningar**

- a. [Fundargerð 122. fundar stjórnar SSNV 1. apríl](#)
- b. [604. Fundur stjórnar SSH 14. apríl 2025](#)
- c. [621. fundur stjórnar SASS 4. apríl 2025](#)
- d. [811. fundur Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum](#)
- e. [187. Fundur stjórnar SSV 12. mars 2025](#)

Af fundi véku nú Gauti, Elísabet, Sædís og Lilja, auk þeirra Guðrúnar Önnu og Sölva.

Fundur stjórnar FV

1. **Verkefnastjóri farsældarráðs**

Formaður opnaði á umræðu um efni aðgerða í minnisblaði farsældarfulltrúa.

Til máls tóku: Þorgeir, Þórkatla og Erna

Stjórn samþykkti tillögur úr minnisblaði verkefnastjóra farsældarráðs um að verkefnastjóri sendi sveitarfélögum til afgreiðslu viljayfirlýsingu um stofnun farsældarráðs Vestfjarða. Jafnframt mun verkefnastjóri óska eftir tilnefningum sveitarfélaga í tímabundinn starfshóp til undirbúnings stofnunar farsældarráðs Vestfjarða. Beiðnir þessa efnis verða sendar sveitarfélögum.

Mættur til fundar Hjörleifur Finnsson, verkefnastjóri Vestfjarðastofu

2. **Úrgangsráð** (Hjörleifur Finnsson kemur á fundinn – til umræðu)

Formaður gaf Hjörleifi orðið.

Hjörleifur kynnti stofnun Úrgangsráðs Vestfjarða á grundvelli bréfs til sveitarfélaganna þann 9. janúar 2025 um skipan ráðsins á grundvelli tillögu Svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs á Vestfjörðum. Hann kynnti að haldnir hefðu verið tveir fundir í Úrgangsráði og í framhaldi af því lýsti hann áhyggjum af lítilli þátttöku sveitarfélaganna í upphafi starfsins.

Formaður þakkaði Hjörleifi fyrir hans kynningu og óskaði eftir umræðu stjórnar hvernig efla megi starf Úrgangsráðs.

Til máls tóku; Gylfi, Þorgeir, Magnús Ingi, Þórkatla, Dagný, Sigríður og Aðalsteinn.

Formaður gerði tillögu:

Stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga hvetur sveitarfélög til að nýta Úrgangsráð sem vettvang til að ná markmiðum Svæðisáætlunar um úrgangsmál um hagræðingu í málaflokknum.

Tillagan samþykkt samhljóða.

Hjörleifur vék af fundi.

3. Umsagnir:

a. Umsagnarbeiðnir

Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis sendir til umsagnar [271. mál – Stefnur og aðgerðaáætlanir á sviði húsnæðis- og skipulagsmála, samgöngu og byggðamála \(stefnumörkun\)](#). Frestur til að senda inn umsögn er **til og með 25. apríl** nk.

Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis sendir til umsagnar [272. mál – Sveitarstjórnarlög \(mat á fjárhagslegum áhrifum\)](#). Frestur til að senda inn umsögn er **til og með 28. apríl** nk.

Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis sendir til umsagnar [270. mál – Jöfnunarsjóður sveitarfélaga](#). Frestur til að senda inn umsögn er **til og með 13. maí nk**. Sviðstjóra falið að gera umsögn út frá umræðu á fundinum.

b. Umsagnir í vinnslu

Fjármálaáætlun fyrir árin 2026–2030 <https://www.althingi.is/altext/156/s/0296.html>
Frestur til að skila umsögn 23. apríl 2025, framlengt til 2. maí n.k.

Fjarskiptastofa. Samráð um breytingar á skilyrðum varðandi uppbyggingu farneta á stofnvegum og neyðar- og öryggisfjarskipti. Umsagnarfrestur 5. maí n.k. .

c. Afgreiddar umsagnir

Skipan aðgerðarhóps vegna almyrkva á sólu 12. Ágúst 2026
<https://www.althingi.is/thingstorf/thingmalalistar-eftir-thingum/ferill/?ltg=156&mnr=209>
Umsögn FV og fleiri aðila https://www.althingi.is/pdf/erindi_mals/?lthing=156&malnr=209

Raforkulög (raforkuviðskipti)
<https://www.althingi.is/thingstorf/thingmalalistar-eftir-thingum/ferill/?ltg=156&mnr=251>
Frestur til að skila umsögn 22. Apríl 2025

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 14.05.